

BÍÓ

293. tbl. júní 2018

MVÍÐUR

mánaðar



Disney · Pixar

HIN ÓTRÚLEGU 2

INCREDIBLES 2



SÚRAR, SALTAR OG SÆTAR



VEGAN

GERT ÚR FAIRTRADE VOTTUÐUM SYKRI

Hey Han, Fálkinn tekur 4.000 lítra af eldsneyti.

Það margborgar sig að
fylla hann hjá Orkunni.

Hin ótrúlegu mæta aftur

Fólk sem kann vel að meta hinar frábæru teiknimyndir frá Pixar hefur ríka ástæðu til að gleðjast núna í júní þegar ný mynd frá þeim um Parr-fjölskylduna ótrúlegu kemur í bíó, en hún prýðir aðra af forsíðum blaðsins að þessu sinni. Á hinni er ekki síður áhugaverð mynd, *Adrift* eftir Baltasar Kormák, og vonandi á hún eftir að slá í gegn eins og *Everest* gerði fyrir nokkrum árum.

Annars inniheldur dagskráin fullt af flottum myndum eins og sjá má á yfirlitinu hér fyrir neðan og þegar blaðinu er flett áfram ...

1. júní	Midnight Sun	Bls. 14
6. júní	Jurassic World: Fallen Kingdom	Bls. 16
8. júní	Terminal	Bls. 18
13. júní	Adrift	Bls. 20
13. júní	Ocean's 8	Bls. 22
20. júní	Hin ótrúlegu 2	Bls. 24
20. júní	Hotel Artemis	Bls. 26
20. júní	Book Club	Bls. 27
27. júní	Love, Simon	Bls. 28
27. júní	Tag	Bls. 29
27. júní	Sicario: Day of the Soldado	Bls. 30

Og eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á DVD- og VOD-útgáfuna sem kynnt er hinum megin í blaðinu. Síðan óskum við auðvitað öllum gleðilegs þjóðhátíðardags 17. júní.

- Áfram Ísland!

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá **ugluna** og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna pínulitla uglu sem gleymdi sér inni á einni síðunni hér bío-megin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 🐼

Ef þú finnur ugluna og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem uglan er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarið.

Frestur til þátttöku er til og með **21. júní**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði sem kemur út í lok júní.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu stjórnuna:

Guðrún Júlíusdóttir, Engihjalla 19, 200 Kópavogi
Helga Hjartardóttir, Borgarheiði 5V, 810 Hveragerði
Erla Ingimundardóttir, Blönduhlíð 6, 105 Reykjavík
Sveinbjörn Guðmundsson, Hásteinsvegi 60, 900 Vestm.eyjum
Hulda Eir Sævarsdóttir, Hrísríma 3, 112 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

293. tbl. júní 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Innarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

GINGER
BE GOOD TO YOURSELF

TÉKKLAND
Birtisráðgjafi

BENICIO DEL TORO JOSH BROLIN

NO RULES THIS TIME

16

SICARIO
DAY OF THE SOLDADO

FRUMSÝND 27. JÚNÍ

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ



Kristall er tannvænn drykkur

Egils



Nýjasta íslenska bíómyndin, *Kona fer í stríð* eftir Benedikt Erlingsson, var frumsýnd í Cannes um miðjan maí og hér á landi 23. maí og það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með umsögnum íslenskra kvikmyndaunnenda um hana enda nokkuð samdóma álit allra sem séð hafa að hún sé alveg frábær. Myndin hefur einnig hlotið mjög góða dóma erlendis, m.a. fimm stjörnu dóm hjá gagnrýnanda Variety, en hann segir myndina mikla snilld sem eigi eftir að seljast vel víða um lönd og hrífst af öllu í senn, bæði sögunni, leiknum, allri sviðsetningu, kvikmyndatöku og ekki síst leikstjórn Benedikts. Um leið og við viljum hvetja alla sem eiga það eftir til að sjá þessa einstöku mynd sem fyrst ætlum við að leyfa okkur að spá því að *Kona fer í stríð* verði næsta framlag Íslands til Óskarsverðlauna og eigi eftir að gera það gott þar.



Avengers-myndin *Infinity War* hefur heldur betur slegið í gegn og fór létt með að setjast í efsta sæti listans yfir vinsælustu myndir ársins á heimsvísu þar sem önnur Marvel-mynd, *Black Panther*, hafði setið í nokkra mánuði. Þar munar þó mest um aðsókn á myndina utan Bandaríkjanna því þegar þetta er skrifað í lok maí er *Black Panther* enn á toppnum innan Bandaríkjanna með 690 milljón dollara innkomu á móti 610 milljón dollurum *Infinity War*. Utan

Bandaríkjanna er *Infinity War* hins vegar með 1,2 milljarða dollara í tekjur á móti 650 milljón dollurum *Black Panther*. Þessi árangur nægir til að koma *Infinity War* í fjórða sæti listans yfir tekjuhæstu myndir allra tíma en þar sitja *Avatar* og *Titanic* sem fyrr á toppnum ásamt *Star Wars: The Force Awakens* sem er í þriðja sæti.

Nokkrar nýjar stiklur úr væntanlegum myndum kvikmyndahúsanna hafa verið frumsýndar að undanfögnu og kennir þar ýmissa grasa eins og alltaf. Við rennum hér yfir þær helstu og byrjum á nýrri Disney-mynd, *Christopher Robin*, sem verður frumsýnd í ágúst. Hún er eins og heiti hennar gefur til kynna byggð á sögunum um Bangsímón en er samt ný saga sem gerist þegar Christopher, sem Ewan McGregor leikur, er orðinn fullorðinn fjölskyldumaður. Honum finnst samt sem sitthvað vanti í líf sitt og dag einn þegar hann fær sér sæti í almenningsgarði í London dúkkar Bangsímón skyndilega upp, staðráðinn í að hjálpa sínum gamla og góða, mannlega vini að finna gleðina aftur og sækjast sjálfur eftir aðstoð hans. Myndin er blanda leikinna atriða og tölvuteikninga og lítur geysilega vel út af stiklunni að dæma. Kíkið endilega á hana en leikstjóri er Marc Forster sem á að baki myndir eins og *Monster's Ball*, *Finding Neverland*, *Stranger Than Fiction*, *Quantum of Solace* og *World War Z*.



Það eru þau Evangeline Lilly og Paul Rudd sem leika Hope van Dyne og Scott Lang, öðru nafni The Wasp og Ant-Man.

Stærðin skiptir máli



Það er skammt á milli ofurhetju-myndanna þessa dagana en tuttugasta myndin í hinum sameinaða Marvel-kvikmyndaheimi verður frumsýnd í byrjun júlí. Um er að ræða myndina *Ant-Man and the Wasp* sem er framhald fyrstu myndarinnar um Scott Lang og félagu, en sagan gerist skömmu eftir atburðina í *Captain America: Civil War*. Scott á sem fyrr fullt í fangi með að samræma föðurhlutverk við hlutverk sitt sem hinn öflugri mauramaður, en Scott notar eins og flestir vita tækni vísindamannsins Hanks Pym til að bæði smækka sig niður í pöddustærð og stækka sig upp í 20 metra rísa. Þegar ný ógn steðjar að er ákveðið að dóttir Hanks, Hope, fái sams konar búning svo hún geti tekið þátt í vörninni. Við kynnum þessa mynd nánar í næsta blaði en stiklurnar úr henni eru frábærar og það fer ekkert á milli mála að hér er aðaláherslan lögð á húmorinn.



Skál fyrir leik



Cheerios



Önnur stiklan sem við nefnum hér er frá Warner Bros og er líka byggð á þektri bók en hún er í leikstjórn Andys Serkis, meistara „motion capture“-tækninnar. Myndin nefnist *Mowgli* eftir titilpersónunni og er gerð eftir hinum frægu sögum Rudyard's Kipling sem nefnast einu nafni *Jungle Book*, eða *Skógarlíf* eins og þær eru oftast nefndar á íslensku (héttu upphaflega *Dýrheimar* á íslensku) en þessar sögur komu út í tveimur bindum árið 1894 eftir að hafa upphaflega birst í bandarískum tímaritum. Að sögn Andys sjálfs var sú stefna tekin við gerð myndarinnar að reyna að fanga andrúmsloft sagnanna eins vel og framast var unnt en þær gerast í Indlandi eins og flestir vita og segja frá hinum unga Mowgli sem elst upp á meðal úlfa í frumskóginum og eignast með tímanum marga góða vini úr dýraríkinu, en líka óvini. Stiklan lítur ákaflega vel út, vægast sagt, og það er greinilegt að gríðarlegur metnaður liggur að baki gerðar myndarinnar sem á vonandi eftir að skila sér til fulls þegar hún verður frumsýnd í október. Þess má til gamans geta að í einni útgáfu stiklunnar útskýrir Andy Serkis atriðin sem sjást og hugmyndirnar að baki bæði þeim og sviðsetningu myndarinnar. Fyrir áhugafólk er mjög fróðlegt að hlusta á frásögn hans.



Stökkið mikla sem Tom Cruise framkvæmdi við tökur á sjöttu *Mission Impossible*-myndinni með þeim afleiðingum að hann ökklabrotnaði.

Tvær stiklur hafa verið gefnar út úr sjöttu *Mission Impossible*-myndinni, *Fallout*, sem verður frumsýnd hér á landi 1. ágúst. Þær eru báðar allsvakalegar enda innihalda þær sirka tvær milljónir mismunandi áhættuatriða og það fer ekkert á milli mála að hugmyndin hefur verið að toppa allt sem áður hefur sést í þessum myndum hvað slík atriði varðar. Í stiklunum sést Tom Cruise geysast um borgir og lönd, loftin blá og fjöll og firnindi, bæði á tveimur jafnfljótum og á ýmsum farartækjum, og af atriðunum að dæma hlýtur hann að deyja a.m.k. fimm sinnum í myndinni (hann dó bara einu sinni í síðustu mynd). *Fallout* á því áreiðanlega eftir að verða hasarmynd ársins. Um leikstjórnina sá Christopher McQuarrie sem gerði einnig síðustu mynd, *Rogue Nation*, og fyrir utan Ethan Hunt koma bæði nýir og gamlir kunningjar við sögu sem m.a. þau Rebecca Ferguson, Simon Pegg, Ving Rhames, Vanessa Kirby, Henry Cavill, Michelle Monaghan, Angela Bassett, Alec Baldwin og Wes Bentley leika. Þess má geta að slysið sem Tom Cruise lenti í og frestaði tökum á myndinni um nokkra mánuði, þ.e. þegar hann ökklabrotnaði í einu áhættuatriðinu þar sem hann var að stökkva á milli húspaka, er notað í myndinni, a.m.k. samkvæmt stiklunum.



Sagan á bak við söguna

Bíómyndin *Mamma Mia!* sló í gegn árið 2008 enda einstaklega skemmtileg, fyndin og fjörug mynd. Hún var eins og allir vita byggð í kringum lög og texta hljómsveitarinnar ABBA og skartaði frábærum leikhópi sem kom á óvart með söng og dansi.

Þann 18. júlí verður ný *Mamma Mia*-mynd frumsýnd, *Here We Go Again*. Í henni snúa allir helstu leikarar fyrri myndarinnar aftur auk nýrra en í myndinni er líka farið til baka í tímann og sagt frá því þegar Donna (Meryl Streep) hitti fyrst hina þrjá feður Sophie (Amanda Seyfried) og hún varð til. Með hlutverk Donnu þegar hún var ung fer Lily James en í öðrum hlutverkum aðalpersónanna þegar þær eru ungar eru tiltölulega óþekktir leikarar sem eiga það þó sameiginlegt að vera mjög líkir sínu eldra sjálf! Cher mætir einnig á svæðið sem amma Amöndu. Við föllum betur um þennan væntanlega stórsnell í næsta blaði.



Amanda Seyfried og Meryl Streep leika sem fyrr mæðgurnar Sophie og Donnu sem nú rífa upp hvernig Sophie varð til.



Þeir Colin Firth, Stellan Skarsgård og Pierce Brosnan mæta að sjálfsgöðu aftur á svæðið sem þeir Harry, Bill og Sam.

NÓA

Súrt og sætt

NÝTT!

NÓA

Tritlar

Krassandi súrt
og sykurhúðað
kólahlaup

Krassandi súrt og sykurhúðað kólahlaup sem þú verður að prófa.
Passaðu þig samt, þú gætir átt erfitt með að leggja pokann frá þér.



Leikstjórinn Eli Roth, sem hingað til hefur hallast að tiltölulega blóðugum ofbeldismyndum og tryllum og sendi síðast frá sér myndina *Death Wish*, mun með næstu mynd sinni breyta um takt því hún er gerð eftir vinsælli barna- og unglingabók, *The House with a Clock in Its Walls*, eftir John Bellairs, sem kom út árið 1973. Sagan fjallar um dreng, Lewis, sem eftir að hafa misst báða foreldra sína flytur til frænda síns, Jonathans, sem býr í gömlu og dularfullu húsi. Í ljós kemur að hinn viðkunnanlegi Jonathan

er langt frá því að vera þar sem hann er séður því hann er rammgöldróttur og þá erum við ekki að tala um sjónhverfingar heldur alvöru, gamaldags galdra. Hann er sem sagt galdrakarl. Enn fremur uppgötvar Lewis að nágranni hans, Florence, er enn göldróttari enda er hún norn, en sem betur fer góð norn. Saman lenda þessar þrjár aðalpersónur sögunnar síðan í ævintýralegru og æsispennandi baráttu við framliðinn galdrakarl og handbendi hans sem ólíkt þeim Jonathan og Florence hefur ekkert gott í huga heldur stefnir að tortímingu heimsins. Með aðalhlutverkin fara þau Jack Black, Cate Blanchett og Kyle MacLachlan og það er Owen Vaccaro sem leikur Lewis, en Owen er þekktastur fyrir að leika Dylan í *Daddy's Home*-myndunum. Fyrsta stiklan úr myndinni lofar góðu fyrir yngri áhorfendur sem gaman hafa af svona hrollvekjandi ævintýrum en eflaust munu þeir sem eldri eru skemmta sér dável líka. Myndin verður frumsýnd í september.

Og talandi um unglingabókmenntir þá er ekki úr vegi að benda lesendum einnig á nýja stiklu úr myndinni *The Darkest Mind* sem var frumsýnd fyrir skömmu. Sú mynd er byggð á samnefndri bók bandaríska rithöfundarins Alexöndru Bracken sem var aðeins 22 ára þegar hún skrifaði hana. Bókin sló í gegn árið 2010 og varð síðan upphafið að bóka-seríu sem nú telur sex bækur ef sú nýjasta er talin með en hún kemur út 31. júlí nk. Myndin er framleidd af sömu



aðilum og gerðu hina vinsælu sjónvarpsseríu *Stranger Things* og er leikstýrt af Jennifer Yuh Nelson sem m.a. hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir *Kung Fu Panda 2*, en þetta er hennar fyrsta leikna mynd. Sagan gerist í framtíðinni þegar öll börn undir átján ára aldri eru dáið fyrir utan nokkra einstaklinga sem eiga það líka sameiginlegt að búa yfir óútskýranlegum ofurkröftum. Þessir einstaklingar ákveða að snúa bókum saman og gera uppreisn gegn ríkisstjórninni sem ber ábyrgð á eyðingu heillar kynslóðar. Myndin kemur í bíó um miðjan ágúst ef áætlanir ganga eftir.




Við höfum áður látið vita af því hér í blaðinu að í október verði ný mynd um leyniþjónustumanninn Johnny English frumsýnd og nýlega var fyrsta stiklan úr henni frumsýnd. Í henni kemur berlega í ljós að þessi sjálfumglaði en klaufski útsendari hennar hátignar hefur ekkert lært af fyrri óföllum og er ásamt aðstoðarmanni sínum, Bough, enn í mestu vandræðum við að komast lifandi í gegnum daginn. Samt sem áður er honum nú enn á ný falin rannsókn á alvarlegu máli sem ógnar heimsfriðinum.



Ekki líta niður

Dwayne Johnson lætur ekki deigan síga frekar en fyrri daginn og eftir að hafa boðið bæði gömlum og nýjum aðdáendum sínum upp á *Jumanji: Welcome to the Jungle* í desember og *Rampage* í apríl býður hann aftur upp á ævintýralegan hasar og skemmtun þegar myndin *Skyscraper* verður frumsýnd í júlí. Myndin er í leikstjórn Rawsons Marshall Thurber, en hann gerði m.a. myndirnar *Dodgeball: A True Underdog Story*, *We're the Millers* og *Central Intelligence* þar sem hann og Dwayne störfuðu saman í fyrsta skipti og líkaði það samstarf svo vel að ákveðið var að halda því áfram. Sagan er í stuttu máli um mann sem þarf að bjarga fjölskyldu sinni úr brennandi skýjakljúfi og lifa af bæði ferðina upp og svo ferðina niður aftur. Því fylgir meiri vandi en bara eldurinn því um leið þarf hann að glíma við harðsvíraðan glæpamann sem danski leikarinn Roland Møller leikur, en hann vill ólmur komast yfir hátæknibúnað sem leynist efst í turninum, langt fyrir ofan eldinn.

Að sjálfsgöðu er hasarinn hér í fyrirrúmi en reikna má með að húmorinn sé ekki langt undan og sjást nokkrir brandararnir nú þegar í stórskemmtilegri stiklu myndarinnar.



Danski leikarinn Roland Møller leikur vonda kallinn í *Skyscraper*.



Munkur

**Ljóis
Vopnis**

Ljóis

Sattkaramella
Ísgrinnir

Nýtt

Ljóisflaug

Jáker

Kjörís

CHOICE

vegan

Nýtt

Twister

Nýtt

vegan

Nýtt

**FREKJU
DOLLA**

OREO

**Calippo
Chupa
Chups**
COLA LINDOR
FLAVOUR

Daim

**SNICKERS
ICE CREAM**

**Mars
Ice Cream**

MAGNUM
Nýtt
Nýtt
MAGNUM
Nýtt
MAGNUM
Nýtt
MAGNUM

ISBOLTI!

Kjörís

Kjörís

Kjörís



Hér á síðunni á undan skrifuðum við að leikstjórinn Eli Roth myndi sýna á sér nýja hlið með sinni næstu mynd og slíkt hið sama má sannarlega segja um leikstjóran Paul Feig sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir samstarf sitt við Melissu McCarthy og gamanmyndir eins og *Bridesmaids*, *The Heat*, *Spy* og *Ghostbusters* sem hann sendi frá sér síðast. Næsta mynd hans, *A Simple Favor*, er nefnilega grafalvarleg glæpasaga og sálfræðitryllir, byggður á samnefndri bók eftir Darcey Bell sem kom út í mars


2017 og inniheldur margar eitursnjallar fléttur. Í aðalhlutverkum eru þær Anna Kendrick og Blake Lively, en þær leika vinkonurnar Stephanie og Emily sem búa í fámennu bæjarfélagi. Dag einn tekur sú síðarnefnda upp á því að hverfa sporlaust við vægast sagt dularfullar aðstæður. Lík hennar finnst svo nokkrum dögum síðar en þar sem lögreglan stendur ráðþrota í málinu ákveður Stephanie að rannsaka sjálf hvað gerðist í lífi vinkonu sinnar klukkustundina fyrir hvarf hennar. Sögunni hefur verið lýst sem *Gone Girl* á sterum og eins og áður sagði hefur Darcey Bell fengið sérstakt hrós fyrir sínar einkar hugmyndaríku fléttur. Kíkið á frábært sýnishornið úr myndinni sem er mun meira og allt öðruvísi en hefðbundin stikla.

Fjórða myndin í leikstjórn Peters Berg með Mark Wahlberg í aðalhlutverki er væntanleg í bíó í ágúst og var fyrsta stiklan úr henni frumsýnd í maí. Hún er að sjálfsögðu fyrsta flokks en hér er um spennu- og mikla hasarmynd að ræða. Hún heitir *22 Mile* og segir frá sersveitarmanninum James Silva sem fær það erfiða verkefni að smygla asískum lögreglumanni úr landi sínu, en sá hafði leitað til bandaríska sendiráðsins um vernd þar sem hann bjó yfir upplýsingum sem aflað höfðu honum dauðadóms hjá eigin stjórnvöldum og tengjast eiturvopnaframléiðslu. Verkefnið virðist nánast óframkvæmanlegt því sendiráðið er umkringt þungvopnuðum mönnum sem hefur verið fyrirskipað að drepa flóttamanninn um leið og hann reynir að yfirgefa sendiráðið. Með hlutverk hans fer indónesíski bardagalistamaðurinn Iko Uwais en í öðrum stórum hlutverkum eru þau Lauren Cohan, John Malkovich og hnefaleika- og nú glímudrottningin Ronda Rousey.



Síðasta myndin sem við fjöllum um í þessari yfirferð okkar um nýjar stiklur er Marvel-myndin *Venom* sem frumsýnd verður í október. Að því er við best vitum tengist hún hinum sameinaða Marvel-heimi ekki beint heldur er um að ræða fyrstu myndina í nýrri seríu sem Marvel gerir í samvinnu við Sony-kvikmyndarisann í gegnum Columbia Pictures. Myndin fjallar um blaðamanninn Eddie Brock sem eftir að hafa farið fram á ystu nöf í rannsókn sinni á dularfullu fyrirtæki og tilraunum

þess með nýtt ofufefni smitast sjálfur af því og öðlast um leið ofurkraftana sem breyta honum í *Venom*. Sagan er hér sögð frá upphafi og það er Tom Hardy sem leikur aðalhlutverkið. Leikstjóri er Ruben Fleischer sem á m.a. annars að baki myndirnar *Zombieland*, *30 Minutes or Less* og *Gangster Squad*. Stiklan er frrrrrááábær!



Ekki reita hann til reiði

Denzel Washington mætir aftur til leiks í bíó um miðjan júlí þegar mynd númer tvö um hinn eitilharða Robert McCall verður frumsýnd en henni er leikstýrt af Antoine Fuqua eins og fyrri myndinni um hann sem var frumsýnd í september 2014.

Eins og flestir væntanlega vita sækja *Equalizer*-myndirnar bæði heiti sitt og aðalpersónu, Robert McCall, til samnefndra sjónvarpsþátta sem gerðir voru á árunum 1985 til 1989 og nutu mikilla vinsælda, m.a. í sjónvarpi hér á landi. Robert þessi fékk á sínum tíma nóg af starfi sínu í sersveit lögreglunnar þar sem hann eignaðist marga óvini enda duglegur við að koma glæpamönnum á bak við lás og slá. Hann ákvað því einn daginn að setja sinn eigin dauða á svið og hefja nýtt líf undir dulnefni í Boston þar sem enginn kannaðist við hann. Síðan hefur hann barist á eigin vegum fyrir þá undirokuðu við allra þjóða glæpahyksi. Það mun hann einnig gera í þessari mynd og á persónulegum nótum í þetta sinn sem gerir það að verkum að hann er hættulegri í návígi en nokkurn tíma áður.



Robert McCall býr í Boston og villir á sér heimildir svo glæpamennirnir sem hann á í höggi við geti ekki fundið hann aftur.

KEMUR Í VERSLANIR 15. JÚNÍ



SAMFILM

Ástin getur ekki yfirstigið allt

Katie Price er sautján ára gömul stúlka sem haldin er sjúkdómi, eða svokölluðum xp-genagalla, en hann veldur því að útfjólubláu geislar sólarinnar eru henni banvænir. Af þessum sökum hefur hún þurft að halda sig innan dyra á bak við sérsníðaða einangrun á daginn síðan hún var ung. En á kvöldin fer hún út.

Í *Midnight Sun* leiða saman hesta sína tvær af upprennandi stjörnum Bandaríkjanna, þau Bella Thorne og Patrick Schwarzenegger. Bæði hafa þau getið sér gott orð á undanförunum árum fyrir leiklist en einnig á öðrum sviðum. Patrick er t.d. einn af stofnendum Project360-netverslunarinnar sem nýtur gríðarlegra vinsælda og gefur stóran hluta ágóða síns til alls kyns góðgerðarmála og Bella er m.a. þekkt fyrir baráttu sína fyrir mannréttindum og gegn einelti. Bæði njóta þau síðan mikillar hylli á samfélagsmiðlum þar sem milljónir manna fylgja þeim. Það verður gaman að sjá þau saman í þessari ljúfu, rómantísku sögu sem heillað hefur alla sem hana hafa heyrt ...



Midnight Sun

Ástarsaga



Aðalhlutverk: Bella Thorne, Patrick Schwarzenegger, Rob Riggle, Quinn Shephard, Ken Tremblett, Jenn Griffin, Nicholas Coombe og Tiera Skovbye **Leikstjórn:** Scott Speer **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

Frumсыnd 1. júní



Charlie er leikinn af Patrick Schwarzenegger sem óhætt er að segja að beri sterkan svip frá bæði föður- og móðurættinni.

Veistu svarið?

Sú sem leikur Katie Price, Bella Thorne, hóf leiklistarferilinn árið 2003, aðeins sex ára að aldri, og hefur með leik sínum, söng og mannréttindabaráttu skapað sér miklar vinsældir í Bandaríkjunum. Í hvaða þekktu sjónvarpsþáttum leikur hún Paige Townsen?




Famous in Love



Þegar Katie fer út á kvöldin tekur hún gjarnan gítarinn með og æfir sig á brautarpalli nærri heimili sínu. Það er þar sem hún hittir Charlie í fyrsta sinn augliti til auglitis þegar hann á leið fram hjá eitt kvöldið.

Punktar

- Þótt Patrick Schwarzenegger, sem er fæddur 1993 og er eldri sonur Arnolds Schwarzenegger og Mariu Shriver, hafi verið viðloðandi leiklist frá unga aldri er þetta í fyrsta sinn sem hann leikur aðalhlutverk í bíómynd. Patrick er eins og margir vita dóttursonur Eunice Kennedy Shriver sem stofnaði Ólympíuleika þroskahamlaðra (Special Olympics) árið 1968 en á meðal sex systkina hennar voru John F. Kennedy forseti Bandaríkjanna og Robert F. Kennedy.
- Handritið að *Midnight Sun* er skrifað af Eric Kirsten og er byggt á handriti japönsku myndarinnar *Taiyō no Uta* eftir Norihiro Koizumi sem var gerð árið 2006 og naut mikilla vinsælda í heimalandinu enda einstaklega góð og áhrifarík ástarsaga sem gleymist seint.



Þau Charlie og Katie ná afar vel saman en yfir sambandi þeirra hvílir skuggi sjúkdóms Katie sem meinar henni að vera úti þegar sólin skín.



ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®



Lífið finnur alltaf leið

Nýja *Jurassic World*-myndin, *Fallen Kingdom*, verður heimsfrumsýnd á Íslandi 6. júní. Myndin var forsýnd í Madrid 21. maí og er skemmst frá því að segja að þar fékk hún frábærar móttökur og þykir jafnvel betri en síðasta mynd sem sló aðsóknarmet fyrri *Jurassic*-mynda þegar hún halaði inn tekjur upp á tæplega 1,7 milljarð dollara, en sá árangur setur hana í dag í fimmta sæti listans yfir vinsælustu myndir allra tíma.

Myndin gerist um fjórum árum eftir atburðina í síðustu mynd en síðan þá hafa risaeðlurnar gengið frjálssar á eyjunni Nublar. Því frelsi er ógnað verulega þegar eldgos hefst skyndilega á eyinni og ákveðið er að flytja sem mest af risaeðlunum upp á fastalandið. Það er auðvitað hægara sagt en gert og því er kallað í risaeðlusérfræðingana og fyrrverandi kærustuparið Claire Dearing og Owen Grady sem geta ekki annað en orðið við þeirri beiðni að aðstoða við flutningana. Þau vita að sjálfsgöðu ekki að á bak við „björgunina“ eru brögð í tafla og með því að aðstoða við að fanga risaeðlurnar hafa þau í raun komið þeim úr öskunni í eldinn. Við það geta þau ekki unað og ákveða að finna saman leið til að snúa vörn í sókn ...



Chris Pratt snýr aftur sem Owen Grady sem er fenginn til að hjálpa til við flutningana. Það sem freistar hans þó mest er að hitta á ný eina af snareðlunum sem hann ól upp og tamdi og er kölluð Blue.

Jurassic World: Fallen Kingdom

Ævintýri / Spenna



Aðalhlutverk: Chris Pratt, Bryce Dallas Howard, Jeff Goldblum, Ted Levine, Rafe Spall, Toby Jones, Justice Smith, BD Wong, James Cromwell og Geraldine Chaplin **Leikstjórn:** J. A. Bayona **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Egilshöll, Álfabakka og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

Frumssýnd 6. júní



Bryce Dallas Howard leikur Claire Dearing á ný, en hún er eins og þeir vita sem sáu fyrri myndina fyrrverandi forstöðumaður risaeðlugarðsins.

Veistu svarið?

Fyrsta *Jurassic Park*-myndin var frumsýnd í ágúst 1993, þ.e. fyrir tæplega 25 árum, og prýddi plakat hennar forsíðu fyrsta tölublaðs forvera Mynda mánaðarins sem þá hét Bíómyndir og myndbönd. En hvaða tveir leikarar í *Fallen Kingdom* léku einnig í þeirri mynd?



Jeff Goldblum og BD Wong






© Kellogg Company 2018



**KAUPTU
3 DÓSIR OG
ÞÚ FÆRÐ
FÓTBOLTAMARK**



„18+. Taktu þátt frá 05.02.18 til 28.09.18. Kauptu 3 dósir og borgaðu 390 kr. til að fá fótboldamarkið þitt. Mest 2 á mann. Nánar um skilmála á Pringles.com.“



Terminal

Glæpadrama / Svört kómedía / Fantasía

16



95 mín

Aðalhlutverk: Margot Robbie, Simon Pegg, Dexter Fletcher, Mike Myers, Max Irons, Katarina Cas og Nick Moran **Leikstjórn:** Vaughn Stein **Bíó:** Sambíóin Kringlunni, Akureyri og Keflavík

Frumskýnd 8. júní



Dexter Fletcher leikur annan leigumorðingjann en þeir fylgja skipunum einhvers sem borgar vel en þeir hafa ekki hugmynd um hver er.

Veistu svarið?

Þótt *Terminal* sé fyrsta mynd Vaughn Stein er hann margreyndur aðstoðarleikstjóri ýmissa mynda eins og *World War Z*, *Grimsby*, *The Danish Girl*, *POTC: On Stranger Tides*, *Beauty and the Beast* og *Quartet*. Hvaða þekkti leikari leikstýrði þeirri síðastnefndu?



Dustin Hoffman

Fimm geta þagað ... ef fjórir þeirra eru dauðir

Terminal gerist í ónefndri borg þar sem við kynnumst tveimur leigumorðingjum í illum erindagjörðum, forvitinni þjónustustúlku sem spilar með alla sem hún kemst í tæri við, kennara sem haldinn er ólæknandi sjúkdómi og ihugar sjálfsmorð og húsverði sem býr yfir vægast sagt hættulegu leyndarmáli.

Terminal er ein af þessum myndum sem klýfur áhorfendahóp sinn í tvennt, annars vegar í þá sem hata hana og hins vegar í þá sem elska hana. Þegar upp er staðið þá getur þó enginn neitað því að leikhópurinn er algjörlega frábær og nýtur þess bersýnilega til fulls að leika í kostulegum atriðunum. Um leið verður *Terminal* alveg áreiðanlega minnst sem einnar frumlegustu myndar ársins 2018.

Höfundur handritsins og leikstjóri myndarinnar, Vaughn Stein, gefur hér sjálfum sér lausan tauminn og blandar saman stíl og stefnum. Myndin er litrík, hrein og fínþússuð eins og teiknimynd og gæti sagan í henni flokkast í nánast hvaða kvikmyndaflokk sem er, allt frá gamanmynd í splatter og allt þar á milli. Persónurnar eru kostulegar, svo og gjörðir þeirra og orð, og andrúmsloftið er eins og úr gamalli sakamálamynd um Philip Marlowe sem krydduð hefur verið með stíl Brians De Palma og Guys Ritchie og látin malla á sögu-grunni sem Quentin Tarantino væri örugglega hæstánægður með.

Þegar við bætast nokkrar kostulegar fléttur, einhver geðveikasta persóna kvikmyndasögunnar (Mike Myers leikur hana) og sögulok sem ná ekki nokkurri átt er ekkert skrítið að myndin sé umdeild ...



Margot Robbie leikur þjónustustúlkuna Annie sem vefur hverjum þeim um fingur sér sem nálægt henni kemur og lifir auk þess tvöföldu lífi.

Punktur

- Ofan á allt saman inniheldur *Terminal* ýmsar tilvísanir í aðrar myndir og persónur úr öðrum sögum. Þannig gæti t.d. sú sem Margot Robbie leikur allt eins verið annað sjálf Harley Quinn sem Margot lék í *Suicide Squad*.

- Þeir Dexter Fletcher og Nick Moran léku einnig þá Soap og Eddie í *Lock, Stock and Two Smoking Barrels* fyrir tuttugu árum.

- Max Irons er sonur Jeremys Irons og heitir persóna hans í myndinni að sjálfsofðu Alfred.



Simon Pegg leikur kennarann Bill sem er dauðvona og ihugar sjálfsmorð.

DETROIT

B E C O M E H U M A N

Þrjár sögur: Leikmenn stýra vélmennunum Kara, Connor og Markus. Öll eru þau ólík og með sína sögu.

Þú skapar söguna: Allar ákvarðanir leikmanna ákvarða ekki aðeins örlög persónanna heldur örlög heillar borgar.

Fjölbreytt spilun: Leikurinn er fjölbreyttur í spilun og þurfa leikmenn að leysa þrautir, rannsaka vettvang glæpa, yfirheyra grunaða og fleira.



[EMOTIONAL SHOCK] ▲

REALISTIC □

BLAMING ○

ANALYTICAL ✕

Nýjasti ævintýraleikurinn frá **Quantic Dream** og leikstjóranum **David Cage**. Leikmenn fara í hlutverk þriggja mismunandi vélmanna sem öll hafa sína sögu og þurfa að finna út úr sínum málum. Leikurinn spilast líkt og **Heavy Rain** þar sem leikmenn hafa val í öllum aðstæðum og aðgerðir þeirra hafa áhrif á útkomuna. Handrit leiksins er yfir **2000** síður og nær endalausir möguleikar á því hvernig leikurinn getur farið.




KOMINN Í
VERSLANIR!



ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS





Adrift

Sannsögulegt / Rómantík



Aðalhlutverk: Shailene Woodley, Sam Claflin, Grace Palmer og Jeffrey Thomas **Leikstjórn:** Baltasar Kormákur **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 13. júní



Hér ræðast þau Shailene Woodley og Baltasar við fyrir tókur á atriði myndarinnar sem gerist auðvitað að mestu leyti á sjó.

Veistu svarið?

Shailene Woodley hóf leikferilinn aðeins 8 ára að aldri og er í uppáhaldi hjá mörgum eftir að hafa sýnt og sannað hæfileika sína í ýmsum myndum á undanförunum árum. Fyrir leik í hvaða mynd var hún tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna árið 2012?



The Descendants

Ekki missa vonina

Nýjasta mynd Baltasars Kormáks er byggð á sannri sögu þeirra Tamiar Ashcraft og Richards Sharp sem hittast árið 1983 og féllu hvort fyrir öðru. Nokkrum mánuðum síðar, eða í október sama ár, tóku þau að sér að sigla 44 feta skútu, Hazana, frá Tahiti-eyju í Pólýnesíu til viðtakenda í San Diego, um 6.500 kílómetra leið yfir opið Kyrrahafið. Það reyndist feigðarför.

Adrift verður frumsýnd í kvikmyndahúsum um allan heim núna í júní og verður gaman að sjá hvort hún eigi eftir að gera það jafngott eða jafnvel betra en *Everest* fyrir þremur árum, en sú mynd er tekjuhæsta mynd íslensks leikstjóra til þessa, með tekjur upp á tæplega 204 milljónir dollara. *Everest* naut einnig gríðarlegra vinsælda á Íslandi og varð mest sötta mynd ársins 2015 þegar tæplega 70 þúsund manns sáu hana í bíó. Við hér á Myndum mánaðarins viljum að sjálfsgöðu hvetja alla til að skella sér á *Adrift* sem fyrst.



Myndin segir sögu þeirra Tamiar og Richards allt frá því að þau hittast fyrst nokkrum mánuðum áður en þau héldu í hina örlogaríku siglingu.

Punktar

- Samkvæmt kreditlista *Adrift* kemur Tami Ashcraft fram í henni, en hún er höfundur bókarinnar sem myndin er byggð á, *Red Sky in the Morning*, og sú sem Shailene Woodley leikur í henni.
- Sviðsstjóri *Adrift* var Heimir Sverrisson sem m.a. sviðsetti myndirnar *Eiðinn*, *Ég man þig*, *Varg* og *Borgríki*. Stjórn kvikmyndatöku var í höndum þrefalda Óskarsverðlaunahafans Roberts Richardson (*Platoon*, *JFK*, *The Aviator*, *Hugo*, *The Hateful Eight*) og um klippingu sá annar Óskarsverðlaunahafi, John Gilbert (*Hacksaw Ridge*). Tónlistin er svo eftir Volker Bertelmann sem m.a. var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir tónlistina í hinna áhrifaríku *Lion*. Og þá eru bara fáir upptaldir af því fagfólki sem kom að gerð þessarar myndar.



Eftir að hafa lent í hinum öflugra fellibyl mæddi það að öllu leyti á Tami að sigla skúttunni enda var Richard illa slasaður og gat sig hvergi hreyft.

ÖFLUG SÓLARVÖRN FYRIR ANDLIT



Af því að þær geta það

Eftir að Debbie Ocean losnar úr fangelsi á reynslulausn vegna góðrar hegðunar og loforðs um að skokka mjóa veginn hér eftir byrjar hún strax að skipuleggja næsta rán og húa í samverkakonur sínar sjö sem óhætt er að segja að séu hver annarri hæfileikaríkari á hinum ýmsu og fjölbreyttustu sviðum.

Ocean's 8 er eins og flestir vita svokallað „spin-off“ hinnar vinsælu myndar *Ocean's Eleven* sem Steven Soderbergh gerði og frumsýnd var árið 2001 við miklar vinsældir enda einstaklega skemmtileg mynd í alla staði. Höfuðpaur 11-gengisins var Danny Ocean sem George Clooney lék af snilld og í þessari mynd er það systir hans Debbie sem sér um að plana rán sem á ekki að vera hægt að framkvæma. Við förum ekki nánar út í það hér um hvað það snýst til að skemma ekki fyrir en leikhópurinn sem kemur fram í myndinni er tvímælalaust einn sá allra besta sem saman hefur komið!



Ocean's 8

Glæpagrín / Flétta

6 110 mín

Aðalhlutverk: Sandra Bullock, Cate Blanchett, Anne Hathaway, Dakota Fanning, Olivia Munn, Helena Bonham Carter, Katie Holmes, Matt Damon, Mindy Kaling, Sarah Paulson, Awkwafina, Rihanna, James Corden og Richard Armitage **Leikstjórn:** Gary Ross **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Bíóhöllin Akranesi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumnýnd 13. júní



Konurnar sjö sem Debbie Ocean fær til liðs við sig eiga það sameiginlegt að búa yfir miklum hæfileikum, hver á sínu sviði.

Veistu svarið?

Við seljum það ekki dýrara en við keyptum það en hermt er að í myndinni komi skýrt fram hvar Danny Ocean sé niður kominn þegar hér er komið sögu. En hver var það í fyrri myndunum sem lék nánasta samstarfsfélaga hans og besta vín, Rusty Ryan?



Broad Pitt



Bírafíð rán sem í fyrstu virðist ómögulegt að framkvæma þarf að skipuleggja vel og í smáatriðum. Debby Ocean er sérfræðingur í því.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar, Gary Ross, samdi einnig söguna og handritið, en hann á að baki margar góðar myndir eins og *Pleasantville*, *Seabiscuit*, *Big*, *The Hunger Games* og *Free State of Jones*, annað hvort sem leikstjóri, sögu- eða handritshöfundur, eða allt í senn.
- Það mætti alveg segja manni að kátt hafi verið á hjalla við gerð þessarar myndar enda þekkjast flestir leikararnir vel innbyrðis eftir að hafa meira og minna marghist og unnið saman áður í mörgum tilfellum. Þess utan er þessi leikhópur uppfullur af húmoristum.
- Þeir Matt Damon og Carl Reiner leika sömu persónur og þeir gerðu í fyrri *Ocean's*-myndunum, þá Linus Caldwell og Saul Bloom.



Cate Blanchett, Helena Bonham Carter og Sandra Bullock í hlutverkum sínum í myndinni sem þær Lou, Rose og Debbie.

Kellogg's

NÝTT!

SPECIAL K PRÓTEINSTYKKI JÁKVÆÐ ORKA, JÁKVÆÐ HOLLUSTA!



FULLT AF ALVÖRU PRÓTEINI –
HNETUM, FRÆJUM
OG MÖNDLUSMJÖRI



EINUNGIS 120 KALORÍUR!



Hin ótrúlegu 2

Teiknimynd

L 118 mín

Myndin er að sjálfsgöðu vandlega talsett á íslensku en þau sem tala fyrir helstu persónurnar í ensku útgáfunni eru Craig T. Nelson, Holly Hunter, Sophia Bush, Samuel L. Jackson, Catherine Keener, Jonathan Banks, Brad Bird, Bob Odenkirk, Isabella Rossellini og John Ratzenberger **Leikstjórn:** Brad Bird **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Háskólabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Bíóhöllin Akranesi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 20. júní

Brettið upp ermarnar!

Hin ótrúlega Parr-fjölskylda mætir til leiks í kvikmyndahúsum 20. júní, þrettán árum eftir að fyrri myndin um þau var frumsýnd. Sú mynd er af mörgum talin skemmtilegasta og fyndnasta Pixar-myndin til þessa og það bendir allt til að nýja myndin gefi henni ekkert eftir í þeim efnum enda eru allir aðstandendur þeir sömu, þar á meðal leikstjórinn Brad Bird.

Þótt þrettán ár séu liðin frá því við hittum Parr-fjölskylduna hefur tíminn í sögunni um þau lítið liðið því myndin byrjar nánast þar sem þeirri fyrstu lauk. Eftir að hafa bjargað heiminum frá glötun færast nú ró yfir fjölskyldulífið, allt þar til Helenu er boðið nýtt og mikilvægt starf sem hún getur ekki hafnað. Vandamálið við það er að þá verður Bob auðvitað að sjá um heimilishaldið en það er langt í frá létt verk því það inniheldur að hafa hemil á krökkunum þremur, þeim Violet, Dash og hvítvoðungnum Jack-Jack sem er stórhættulegur sem fyrr því hann hefur lítið vald yfir ofurkröftum sínum og má alls ekki borða kökur. En að sjálfsgöðu gerast síðan atburðir sem kalla á að Parr-fjölskyldan bretti enn á ný upp ermarnar og bjargi mannkyninu frá tortímingu ...



MIKLU SKEMMTILEGRA NAMMI






Hotel Artemis

Spenna / Hasar / Framtíðarsaga



Aðalhlutverk: Jodie Foster, Sofia Boutella, Dave Bautista, Sterling K. Brown, Brian Tyree Henry, Charlie Day, Zachary Quinto og Jeff Goldblum **Leikstjórn:** Drew Pearce **Bió:** Laugarásbíó, Smárabíó, Sambíóíð Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 20. júní



Sterling K. Brown og Sofia Boutella í hlutverkum sínum í *Hotel Artemis*.

Veistu svarið?

Jodie Foster hóf leikferil sinn aðeins sjö ára að aldri árið 1969 og á því fimmtíu ára starfsafmæli á næsta ári. Hún vakti snemma mikla athygli fyrir hæfileika sína og árið 1976 varð hún stórstjarna eftir leik í tveimur gjörólíkum myndum. Hvaða myndum?



Taxi Driver og *Bugsy Malone*.

Pú kemst inn. En kemstu út?

Hotel Artemis gerist í ekki svo fjarlægri framtíð í Los Angeles þar sem blóðug og mannskæð uppþot og óeirðir hafa sett allt daglegt líf fólks úr skorðum. Ein vin er til staðar mitt í glundroðanum en það er *Hotel Artemis* sem í raun er leynilegt sjúkrahús fyrir glæpamenn, stofnað af völdugum mafíuföringja sem er ætíð kallaður Wolf og rekið af hjúkrunarkonunni Jean Thomas sem lætur fátt sem ekkert koma sér úr jafnvægi.

Þessi fyrsta mynd framleiðandans og handritshöfundarins Drews Pearce sem leikstjóra er áhugaverð í meira lagi. Hún gerist árið 2028 í Los Angeles þar sem skortur á vatni hefur leitt til blóðugra óeirða. Við kynnumst hér bræðrunum Sherman og Lev sem segja má að fari úr öskunni í eldinn þegar þeir sleppa úr erfiðum aðstæðum en lenda þess í stað í skotbardaga við lögregluna. Eftir hann er Lev illa særður og Sherman heldur með hann á *Hotel Artemis* í von um inngöngu þótt Lev uppfylli ekki skilyrði og reglur sjúkrahússins frekar en lögreglukonan Morgan sem einnig vantar aðhlyningu.

Fyrir á staðnum er franskur leigumörðingi og sjálfumgláður vopnalsali sem kemur ekkert allt of vel saman. Þegar við bætist að Wolf sjálfur og sonur hans Crosby eru líka á leiðinni ásamt fylgdarmönnum verður Jean ljóst að það stefnir í stórhættulegt uppgjör ...




Jodie Foster leikur Jean sem haldið hefur utan um rekstur Artemis í 22 ár og getur höndlað allt nema ástandið fyrir utan sjúkrahúsið.

Punktar

- *Hotel Artemis* er fyrsta myndin sem Jodie Foster leikur í í fimm ár en hún lék síðast í vísindaskáldsögu Neills Blomkamp, *Elysium*.
- Það kannast sjálfsagt margir við hinn frábæra leikara Sterling K. Brown sem hefur leikið Randall Pearson í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum *This Is Us* og fór einnig með hlutverk N'Jobu í *Black Panther*.



Dave Bautista leikur helsta aðstoðarmann Jean, hinn sallarólega Everest sem getur þó líka sýnt tennurnar þegar á þarf að halda.



Book Club



NÚ FÆRIST FJÓR Í LEIKINN

Book Club

Gamanmynd / Rómantík



Aðalhlutverk: Diane Keaton, Jane Fonda, Candice Bergen, Mary Steenburgen, Andy Garcia, Craig T. Nelson, Don Johnson, Richard Dreyfuss, Ed Begley Jr. og Alicia Silverstone **Leikstjórn:** Bill Holderman **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 20. júní



Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem þau Diane Keaton og Andy Garcia leika hvort á móti öðru en það gerðu þau einnig í mynd sem var frumsýnd 1990 og var þriðji kafli í frægum þríleik. Hvaða?



The Godfather

Það er aldrei of seint að byrja aftur

Æskuvinkonurnar Diane, Sharon, Vivian og Carol hafa allar upplifað með árunum að blossinn í sambandi þeirra við karlmennt hefur orðið daufari og daufari. Hlutirnir breytast hins vegar snarlega þegar þær lesa hina erótísku bók *Fifty Shades of Grey* enda fyllir sagan þær allar löngun til að endurnýja kynni sín af ástinni eins og hún gerðist best fyrir á árum.

Book Club er lauflett rómantísk gamanmynd þar sem átta af fyrrverandi stórstjörnum bandarískra kvikmynda koma saman, þ.e. Jane Fonda, Candice Bergen, Diane Keaton og Mary Steenburgen sem leika vinkonurnar fjórar og þeir Andy Garcia, Craig T. Nelson, Don Johnson og Richard Dreyfuss sem leika karlana fjóra í lífi þeirra.

Þótt vinkonurnar fjórar séu eftir lestur bókarinnar allar til í að endurnýja kynni sín af ástinni þá er það auðvitað ekki nóg því karlarnir í lífi þeirra hafa ekki lesið hana og því þarf að kveikja í þeim á einhvern annan hátt. En hvernig í ósköpunum eiga þær að fara að því?



Æskuvinkonurnar Diane, Sharon, Vivian og Carol eru leiknar af þeim Diane Keaton, Candice Bergen, Jane Fonda og Mary Steenburgen.

Punktar


★★★★1/2 - RogerEbert.com ★★★★★ - Entertainment Weekly
 ★★★★★1/2 - ReelViews ★★★★★1/2 - Wash. Post ★★★★★1/2 - Wrap
 ★★★★★1/2 - L.A. Times ★★★★★1/2 - V. Voice ★★★★★1/2 - N.Y. Mag.

• *Book Club* er fyrsta mynd Bills Holderman sem leikstjóra en hann á að baki framleiðslu nokkurra mynda og er handritshöfundur einnar þeirra, *A Walk in the Woods*, sem var frumsýnd fyrir tveimur árum. Bill skrifaði einnig handritið að *Book Club* ásamt Erin Simms og þykir það í alla staði ákaflega vel heppnað, hnyttið og skemmtilegt.

• *Book Club* var frumsýnd 18. maí í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum og hefur hlotið góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og áhorfenda sem kunna að meta góðar og myndir „feel good“-myndir.



Hér eru þær Sharon og Diane (Candice Bergen og Diane Keaton) að horfa á eitthvað skemmtilegt en það er einmitt það sem þessi mynd er.



Love, Simon

Gamanmynd / Rómantík



Aðalhlutverk: Nick Robinson, Jennifer Garner, Josh Duhamel, Katherine Langford, Alexandra Shipp, Jorge Lendeborg Jr., Logan Miller, Keiynan Lonsdale og Talitha Bateman **Leikstjórn:** Greg Berlanti **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 27. júní



Jennifer Garner og Josh Duhamel leika foreldra Simonar.

Veistu svarið?

Eins og fram kemur í punktunum hér til hægri lék Nick Robertson m.a. í myndunum *Jurassic World*, *The 5th Wave* og *Everything Everything*. Á móti hvaða ungu og hæfleiðaríku leikkonu lék hann í síðastnefndu myndinni?



myndir Stenbergr

Vertu sá sem þú ert

Simon er ungur maður í menntaskóla sem við fyrstu sýn býr að öllu því besta. Hann á vel stæða og ástrika foreldra og fjölskyldu, vinahóp sem stendur saman og býr að hæfleiðum til að koma ár sinni vel fyrir borð í lífinu. Það er bara eitt vandamál.

Bíómyndin *Love, Simon* eftir Greg Berlanti (*Life as We Know It*) er byggð á skáldsögunni *Simon vs. the Homo Sapiens Agenda* sem kom út 2015 og er eftir Becky Albertalli. Bókin vakti mikla athygli, flaug inn á metsölulista *The New York Times* og hlaut m.a. bandarísku William C. Morris-verðlaunin árið 2016 sem besta fyrsta bók höfundar. Það er samdóma álit þeirra sem lesið hafa bókina og síðan séð myndina að hún sé sérlega vel heppnuð enda hefur henni verið afar vel tekið á kvikmyndahátíðum. Þeim sem vilja vita nánar um söguþráðinn er bent á að skoða stiklurnar en annars er óhætt að hvetja alla til að láta þessa perlu ekki fram hjá sér fara ...



Nick Robinson þykir sýna frábæran leik í aðalhlutverki *Love, Simon* og er án nokkurs vafa upprennandi stórstjarna í kvikmyndaheiminum.

Punktar

★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *Chic. Sun-Times*
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★ - *E.W* ★★★★★ - *Empire*
 ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Variety*

• *Love, Simon* hefur hvarvetna þar sem hún hefur verið sýnd hlotið afar góða dóma og er þegar þetta er skrifað með 7,9 í meðaleinkunn á Metacritic, 9,2 á Rotten Tomatoes og 8,1 hjá notendum Imdb.

• Bandaríski leikarinn Nick Robertson sem leikur Simon er án nokkurs vafa upprennandi stórstjarna í kvikmyndaheiminum en hann lék í sinni fyrstu bíómynd fyrir fimm árum. Þekktastur er hann fyrir hlutverk sín í *Jurassic World*, *The 5th Wave* og *Everything Everything* og með frammistöðu sinni í *Love, Simon* þykir hann endanlega hafa sýnt og sannað leikhæfileika sína svo um munar.



Simon ásamt hinum trausta vinahóp sínum í myndinni.

Klukk, þú ert'ann!

Bíómyndin *Tag*, sem verður frumsýnd í lok júní, lofar gamanmyndaunnendum góðu en hér er saman kominn stór hópur af frægum leikurum sem eru ekki síst þekktir fyrir mikinn hómor.

Einu sinni fyrir langa löngu, fyrir tíma tölvuleikja, léku krakkar sér saman úti á kvöldin. Þá fóru þau stundum í eltingarleik sem var yfirleitt kallaður „síðasta“, en líka stundum „klukk“. Þetta var einfaldur leikur sem snerist um að einhver í hópnum „var'ann“ og þurfti að elta uppi aðra í leiknum og „klukka“ þá, en í klukki fólst að ná að snerta viðkomandi. Sá sem var klukkaður breyttist þá í að ver'ann og þurfti að elta einhvern félagu sinn uppi til að klukka hann ... og svo koll af kalli þangað til tíminn leysti leikinn sjálfkrafa upp, oft í kringum háttatíma. Enginn vildi ver'ann þegar að því kom.

Þessi leikur er einmitt aðalatriðið í *Tag* sem fjallar um nokkra æskuvini sem léku sér í „síðasta“ þegar þeir voru ungir. Ólíkt öðrum ákváðu þau hins vegar að hætta ekki í leiknum, bjuggu til sínar eigin reglur og koma enn félögum sínum á óvart með óvæntu klukki ...



Tag Gamanmynd

Aldurstakmark og tími ekki fyrirleggjandi fyrir prentun.

Aðalhlutverk: Jeremy Renner, Jake Johnson, Isla Fisher, Ed Helms, Annabelle Wallis, Rashida Jones, Jon Hamm, Hannibal Buress og Leslie Bibb **Leikstjórn:** Jeff Tomsic **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Háskólabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Bíóhöllin Akranesi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó


Frumnýnd 27. júní



Sumar tilraunir eru dæmdar til að mistakast eins og þessi þegar Hoagie reynir að klukka Jerry í brúðkaupi þess síðarnefnda.

Veistu svarið?

Þau Jeremy Renner, Annabelle Wallis og Jake Johnson eiga það m.a. sameiginlegt að hafa öll leikið á móti Tom Cruise. Jeremy gerði það í tveimur *Mission Impossible*-myndum en í hvaða mynd léku hin tvö á móti honum?



The Mummy



Sex af níu aðalleikurum myndarinnar eru þau Annabelle Wallis, Jon Hamm, Jake Johnson, Ed Helms, Isla Fisher og Hannibal Buress.

Punktur

- *Tag* er að hluta til byggð á sannri sögu fjögurra æskuvina sem ólust upp saman í borginni Spokane í Washington-ríki. Saga þeirra birtist upphaflega sem grein í *The Wall Street Journal* og heitir *It Takes Planning, Caution to Avoid Being 'It'*. Hún er eftir Russell Adams og vakti mikla athygli á sínum tíma, þ. á m. handritshöfundarins Mark Steilen sem ákvað að skrifa handritið að *Tag*. Upphaflegu greinina má enn sjá á vef *The Wall Street Journal* (www.wsj.com) ásamt ljósmyndum af félögum fjórum, Bill, Patrick, Sean og Mike.

- Will Ferrell átti mestan þátt í að fjármagna *Tag* en hann er framleiðandi hennar og ætlaði sér upphaflega að leika eitt hlutverkið. Við það þurfti hann hins vegar að hætta vegna anna við önnur verkefni.



Jerry (Jeremy Renner) stærir sig af því að hafa um langt skeið séð við öllum félögum sínum í leiknum. Sjáum hvort það endist út myndina!



Sicario: Day of the Soldado

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Josh Brolin, Benicio Del Toro, Isabela Moner, Catherine Keener, Matthew Modine, Manuel Garcia-Rulfo og Jeffrey Donovan
Leikstjórn: Stefano Sollima **Bió:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 27. júní



Josh Brolin hefur verið áberandi í tveimur af stórmellum síðustu mánaða, þ.e. *Infinity War* og *Deadpool 2*, og leikur hér Matt Graver.

Veistu svarið?

Taylor Sheridan var best þekktur sem leikari allt þar til hann sendi frá sér handritið að *Sicario*. Fyrir utan þessa nýju *Sicario*-mynd hafa tvö önnur handrit hans nú verið kvikmynduð, annars vegar *Wind River*, sem hann leikstýrði sjálfur, og hins vegar ...?



Hell or High Water

Gleymdu öllum reglum

Biómyndin *Sicario* sem Denis Villeneuve sendi frá sér í október 2015 er á topplista margra sem ein besta mynd þess árs og jafnframt einhver mest spennandi mynd síðari ára. Handritið og sagan var eftir Taylor Sheridan sem þó var hvergi nærri búinn með hana og þann 27. júní fáum við að sjá kafla númer tvö.

Það þarf vonandi ekki að hvetja neinn sem sá fyrri myndina að sjá þessa líka enda bendir allt til að hún sé í engu síðri, jafnvel betri. Tvær algjörlega frábærar stiklur úr henni hafa verið gefnar út, önnur löng, hin stutt, og þar sést vel að átökin og spennan sem einkenndi fyrri myndina magnast nú enn frekar þegar þeir Matt Graver og Alejandro Gillick taka að sér nýtt og enn erfiðara verkefni en áður ...



Félagarnir Matt Graver og Alejandro Gillick þurfa að stöðva stórhættulegt smygl á hryðjuverkamönnum til Bandaríkjanna, en það getur að sjálfsögðu ekki gengið enda væri þá voðinn vís.


Punktar

- Eins og flestir vita þá samdi Jóhann Jóhannsson tónlistina í fyrri myndinni og hlaut fyrir hana fjölmörg verðlaun og viðurkenningar, þ. á m. tilnefningar til BAFTA- og Óskarsverðlauna. Í þetta sinn er tónlistin samin af Hildi Guðnadóttur en hún var nán samstarfsskona Jóhanns, spilaði á selló í mörgum verka hans og á sjálf að baki tónlist í myndum eins og *Eiðnum*, *Tom of Finland* og *Mary Magdalene* sem Jóhann var einmitt að vinna að þegar hann féll frá.
- Upphaflega stóð til að Denis Villeneuve sem leikstýrði fyrri myndinni myndi einnig leikstýra þessari en þegar til tók gat hann það ekki vegna annarra skuldbindinga. Við taumunum tók ítalski leikstjórinn Stefano Sollima sem m.a. gerði hina fantagóðu mynd *Suburra* árið 2014 og er aðalhöfundur mafiúþáttanna *Gomorra*.
- Líklegt er að þriðja *Sicario*-myndin verði gerð en það hefur ekki verið staðfest og veltur mjög líklega á gengi þessarar.



Inn í málin blandast Isabela Reyes (Isabela Moner) en hún er dóttir eiturlyfjakóns og lendir því á milli steins og sleggju í átökunum.

KFC®



TEXAS RANCH

GÆDDU ÞÉR Á GOÐSAGNAKENNDUM BORGARA

PHOTOWALK SNA

Original kjúklingabringa með BBQ sósu, Ranch sósu, osti, káli og kartöfluskífu.

1.199 kr.

Texas Ranch borgari, þrjár Hot Wings, franskar, gos og Hraun.

1.899 kr.





LIFE FINDS A WAY



12

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LUXUS



Lenovo™



**NÝTT
Í BIO**
FRUMSÝND
6. JÚNÍ

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

ALFABAKKI  SAMBÍÓLN

SAMBÍÓN  EGILSHÖLL

BORGAR  BÍÓ